

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík
(lagt fram á samráðsgátt)

Reykjavík, 6. maí 2026

Bls. | 1

Efni: Breyting á reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi

Hinn 8. apríl 2026 lagði umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytið fram á samráðsgátt stjórnvalda drög að breytingu á reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi (reglugerðin). Drögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu (samtökin).

Á samráðsgátt er að finna umsögn frá fyrirtækinu Olíudreifing ehf.¹, og taka samtökin í heilt yfir undir þær efnislegu athugasemdir sem þar koma fram. Ekki er síst tekið undir þá afstöðu að framsal til Umhverfis- og orkustofnunar sem í raun veitir stofnuninni sjálfðæmi um hvað geti talist fullnægjandi frágangur, geti vart talist í samræmi við góða stjórnsýslu. Umfram það, vilja samtökin koma eftirfarandi atriðum á framfæri

I. Óvissa um nauðsyn breytinga og meðalhóf

Í drögunum kemur fram sú fyrirætlan að 5. tl. 20. gr. reglugerðarinnar kveði á um að þykktarmæla beri olíubirgðageyma á fimm ára fresti, eftir að þeir hafa verið 15 ár í notkun.

Benda samtökin á að huga þurfi að því hversu mikill kostnaður fellur í raun til við innleiðingu slíkrar reglu, ef til stendur að taka upp þykktarmælingar á fimm ára fresti á öllum geymum sem eru eldri en 15 ára. Líkast til myndu allflestir geymar á Íslandi falla undir regluna, sökum aldurs, en 15 ár er til þess að gera skammur tími er kemur að endingu slíkra geyma. Þykktarmæling á fimm ára fresti er til þess fallin að skapa óþarfa kostnað, því sú framkvæmd er bæði umfangsmikil og kostnaðarsöm, bæði mælingin sjálf sem og sú staðreynd að tæma þarf geymi áður en hann er þykktarmældur. Ekki virðist sem heldur hafi verið tekið tillit til þess kostnaðar, eða mögulegrar röskunar sem slík framkvæmd kann að hafa á líftíma geymanna og búnað þeirra. Né virðist sem tillit hafi verið tekið til hagsmuna þeirra starfsmanna sem ætlað er að sinna slíkri mælingu, en um er að ræða áhættusamt verk. Telja samtökin að það sé sér í lagi óforsvaranlegt að setja starfsmenn í slíka hættu ef það reynist ekki nauðsynlegt.

Ekki kemur fram á samráðsgátt stjórnvalda að verið sé að innleiða kröfur sem eiga rót sína að rekja til EES-réttar. Því er ekki ljóst hvort um er að ræða svokallaða gullhúðun með því að setja strangari kröfur en nauðsynlega leiðir af EES-rétti, eða hvort um er að ræða íþyngjandi reglur sem eru að öllu leyti heimasmið. Hvort heldur er, fylgir ekki ítarlegur rökstuðningur með þeim breytingartillögum sem lagðar hafa verið fram. Því er örðugt að leggja mat á þá nauðsyn sem liggur að baki fyrirhuguðum breytingum. Af þeim sökum er illmögulegt að meta hver eða hvort

¹ <https://samradapi.island.is/api/Documents/da5e1825-ba3c-f111-9bd7-005056bcce7e>

einhver rök standi að baki þessum fyrirhuguðu kröfum. Þegar svo háttar til, er eðli máls samkvæmt næsta ómögulegt að ganga úr skugga um hvort meðalhófs hafi verið gætt.

Hafa ber í huga að ef vel á að vera, er það upp á stjórnvöld komið að sýna fram á að gætt hafi verið að þeim kröfum sem meðalhófsregla gerir. Sé einkaaðilum gert ómögulegt að meta þau rök sem standa að baki inngripi hins opinbera, er því farið á skjön við meginreglu meðalhófs.

II. Áhrif á olíubirgðir í landinu

Vara ber við því að þegar um mikilvæga starfsemi og innviði er að ræða, sé látið undir höfuð leggjast að framkvæma kostnaðarmat. Sömu varnaðarorð ber einnig að hafa uppi um skort á áhættumati, áður en gera á nýjar og íþyngjandi kröfur til starfsemi olíubirgðastöðva. Telja samtökin að full ástæða sé til þess að áhættumat lægi fyrir áður en innleidd væri krafa sem leiða myndi til þess að innan skamms yrðu flestir ef ekki allir eldsneytisgeymar landsins kerfislega teknir úr virkni meðan þeir eru þykktarmældir.

Þá ber einnig að hafa í huga að sú krafa sem birtist í fyrirhugaðri 5. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar um að rífa beri geyma innan sex mánaða eftir að þeir hafi verið teknir úr notkun, gengur í berhögg við sjónarmið af meiði varúðar-getu til að bregðast við ófyrirsjáanlegum þróunum á alþjóðlegum orkumörkuðum.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur nýverið tekið skýrt fram á Alþingi að það sé áherslumál fyrir íslensk stjórnvöld að koma upp neyðarbirgðum af olíu og það stæði til að ljúka því á haustþingi 2026. Bætti ráðherra því við að það væru ákveðnar flækjur sem fyrst þyrfti þó að leysa.² Í því samhengi vekur það eftirtekt samtakanna að með breytingarreglugerð þessari sé í raun verið að bæta í flækjustigið, ef eitthvað er.

III. Samræmi við önnur lög og e.a. reglugerðir

Þegar kemur að þeirri kröfu að rífa skuli olíugeyma á olíubirgðastöðvum, sbr. breytingartillögu varðandi 16. gr. reglugerðarinnar, ber að hafa í huga að slíkt verkefni þarfnast umtalsverðs undirbúnings sem hæglega kann að vera lengri en 6 mánuðir og ekki er víst að veðurskilyrði á Íslandi leyfi að gengið sé til slíkra verka hvenær sem er ársins.

Ekki er heldur ljóst hvort tillit hafi verið tekið til samspils nauðsynlegra skipulags- og leyfissjónarmiða fyrir slíku niðurrifi. Þannig er ekki ljóst hvort tekið hafi verið mið af því hvort niðurrif geymis beri að hljóta stjórnsýslulega meðferð á borð við mat á umhverfisáhrifum, en slík málsmeðferð kann hæglega að verða lengri en 6 mánuðir, þótt ekki sé við rekstraraðila og/eða eiganda geymisins að sakast. Vísast þá til þess að skv. 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 111/2021 er framkvæmd hvers konar nýframkvæmd eða breyting á eldri framkvæmd sem fellur undir lögina og starfsemi sem henni fylgir.

² <https://www.althingi.is/alttext/raeda/157/rad20260305T105549.html?>

Í viðauka 1 við lög nr. 111/2021 er ljóst að undir flokk A falla skv. lið 6.04 geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða efnavörur með 50.000 m³ geymslugetu eða meira. En skv. lið 6.05 falla undir flokk B geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu og önnur kemísk efni þar sem geymslugeta er a.m.k. 200 m³ utan þess sem tilgreint er í tölul. 6.04. Í lið 13.02 er svo mælt fyrir allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A, utan þess sem fellur undir tölul. 13.01, og flokki B sem hafa verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Hvort að þessu hafi verið gætt eða hvort taka þurfi tillit til álitamála á borð við þetta við breytingu á reglugerðinni liggur ekki fyrir í þeim rökstuðningi sem fylgdi með drögum að breytingareglugerðinni á samráðsgátt.

IV. Varðandi bílapvottastöðvar

Að framan var þess getið að nokkuð skorti á rök fyrir þeim breytingum sem drög að breytingareglugerð gera tillögu um. Slík aðfinnsla á einnig við um þá breytingu sem lögð er til á 51. gr. reglugerðarinnar er varðar bílapvottastöðvar. Er þar kveðið á um að í nýjum og endurbættum bílapvottastöðvum eigi frárennsli að vera tengt sandskilju, og samrunaskilju í *flokki I*. Ekki er ljóst af texta reglugerðar, viðauka eða breytingartillögu við hvað er átt með *flokk I*. af þeim sökum reynist erfitt að leggja mat á hvað nákvæmlega felst í umræddri breytingu. Verður því að svo stöddu látið nægja að benda á að slík óvissa sé óæskileg og áskilja samtökin sér rétt til að færa fram frekari umsögn um þennan tiltekna lið er nánar verður ljóst við hvað er átt. Sér í lagi ef í ljós kemur að af þessari breytingu leiði ítarlegri og íþyngjandi kröfur umfram það sem nauðsynlegt kann að vera á grundvelli áhættumats, meðalhófsreglu, alþjóðlegum stöðlum og/eða skuldbindingum er stafa frá EES-rétti.

V. Niðurlag

Samtökin telja að fyrirhugaðar breytingar gangi ýmist of langt, eða að rökstuðningi sé ábótavant. Óska samtökin því eftir að nánara samráð verði haft við haghafa áður en vinnu við breytingar á reglugerðinni lýkur.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Kristinn Már Reynisson
lögfræðingur